

Hr. Gylfi Magnússon
Efnahags- og viðskiptaráðherra
Sölvhóls götu 7
150 Reykjavík

Reykjavík 27. maí 2010

Efni: SMS-lán, ítrekun.

Þann 29. desember 2009 skrifuðu Neytendasamtökin yður meðfylgjandi bréf varðandi svokölluð SMS-lán. Í bréfinu er bent á að kostnaðurinn við þessi skammtímalán sé óheyrilegur eða sem svarar til allt að 600% vaxta á ársgrundvelli. Einnig að þessum lánum sé ekki síst beint að yngri neytendum og þeim sem eiga í fjárhagsörðugleikum. Í bréfinu var þess farið á leit við yður að gripið yrði til aðgerða gegn þessari lánastarfsemi. Neytendasamtökunum hefur ekki borist svar við þessu erindi.

Hér með ítreka Neytendasamtökin áður nefnt erindi. Það er skoðun Neytendasamtakanna að breyta þurfi m.a. lögum um neytendalán þannig að þessi lán falli undir þau lög og jafnframt að þessi starfsemi verði gerð eftirlitsskyld.

Það er von Neytendasamtakanna að þegar verði gripið til aðgerða til að sporna við þessari starfsemi. Þess vegna óska samtökin upplýsinga um hvort ráðuneytið hyggist grípa til aðgerða og þá hverra.

Virðingarfyllt
f.h. Neytendasamtakanna

Jóhannes Gunnarsson
formaður Neytendasamtakanna

Meðfylgjandi: Afrit af bréfi Neytendasamtakanna, dags 29. 12. 2009.

Afrit sent:
Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra
Árna Páli Árnasyni félags- og tryggingamálaráðherra.